

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1998

789

Nr. 227

REIKNINGUR

Verðbréfaþings Íslands árið 1997.

Rekstrarreikningur ársins 1997.

	1997	1996
Rekstrartekjur:		
Stofngjöld	11.756.487	12.594.640
Veltugjöld	20.012.539	15.209.599
Árgjöld þingaðila	6.199.407	4.382.640
Árgjöld vegna skráðra bréfa	13.579.081	10.366.680
Aðrar tekjur	1.600.000	1.816.600
	<u>53.147.514</u>	<u>44.370.159</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	30.290.407	16.148.878
Annar rekstrarkostnaður	31.299.459	20.798.473
Afskriftir	1.699.286	1.641.567
	<u>63.289.152</u>	<u>38.588.918</u>
(Gjöld umfram tekjur) án fjármagnsliða	(10.141.638)	5.781.241
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Fjármunatekjur	2.325.104	2.080.345
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(798.895)	(783.590)
	<u>1.526.209</u>	<u>1.296.755</u>
(Gjöld umfram tekjur)	<u>(8.615.429)</u>	<u>7.077.996</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1997.

Eignir

	1997	1996
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Tölvubúnaður	2.406.715	2.900.585
Hugbúnaður	26.347	87.514
Áhöld, tæki og bifreið	2.672.323	282.766
Fastafjármunir	<u>5.105.385</u>	<u>3.270.865</u>

Veltufjármunir:

Bankainnstæður	1.467.361	1.258.444
Skammtímakröfur:		
Verðbréf.....	27.241.310	23.656.833
Viðskiptakröfur	10.338.263	19.691.143
Aðrar skammtímakröfur	125.162	923.687
Veltufjármunir	<u>39.172.096</u>	<u>45.530.107</u>
Eignir samtals	<u>44.277.481</u>	<u>48.800.972</u>

Skuldir og eigið fé.

	1997	1996
Eigið fé:		
Stofnframlag.....	1.674.960	1.674.960
Endurmatsreikningur	474.937	432.271
Óráðstafað eigið fé	36.156.730	43.946.610
Eigið fé	<u>38.306.627</u>	<u>46.053.841</u>
Skammtímaskuldir:		
Ógreiddur kostnaður	4.631.029	1.965.123
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.339.825	782.008
Skuldir samtals	<u>5.970.854</u>	<u>2.747.131</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>44.277.481</u>	<u>48.800.972</u>

Sjóðstreymi ársins 1997.

	1997	1996
Handbært fé frá rekstri:		
(Gjöld ársins umfram tekjur)	(8.615.429)	7.077.996
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.699.286	1.641.567
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	798.895	783.590
Veltufé (til) frá rekstri	<u>(6.117.248)</u>	<u>9.503.153</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun	10.151.405	(14.549.499)
Skammtímaskuldir, hækkun.....	3.223.723	1.804.425
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>13.375.128</u>	<u>(12.745.074)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>7.257.880</u>	<u>(3.241.921)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(3.464.486)	(2.358.801)
Skuldabréfaeign, breyting	(3.584.477)	4.725.080
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(7.048.963)</u>	<u>2.366.279</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	208.917	(875.642)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.258.444</u>	<u>2.134.086</u>
Handbært fé í árslok	<u>1.467.361</u>	<u>1.258.444</u>

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn.

Verðbréfaþing Íslands var sett á laggirnar árið 1985 samkvæmt heimild í lögum um Seðlabanka Íslands. Um Verðbréfaþing gilda lög nr. 11/1993 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 22/1996 og er hlutverk þingsins samkvæmt þeim eftirfarandi:

- að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta-, uppgjör- og upplýsingakerfi,
- að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila,
- að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila,
- að meta skráningarhæfi verðbréfa,
- að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
- að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt,
- að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

Á árinu námu gjöld umfram tekjur alls 8.615 þús. kr. og eigið fé nam 38.307 þús. kr. í árslok 1997 samkvæmt efnahagsreikningi.

Í árslok störfuðu 8 starfsmenn hjá Verðbréfaþingi Íslands en þeir voru 5 árið áður. Launagreiðslur námu 25,4 millj. kr. á árinu en auk þess námu launatengd gjöld 4,9 millj. kr.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Verðbréfaþingsins fyrir árið 1997 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 1998.

Stjórn:

Eiríkur Guðnason, Vilborg Lofts, Erna Bryndís Halldórsdóttir, Hrafn Magnússon,
Jón Guðmann Pétursson, Sigurður Einarsson, Þorkell Sigurlaugsson.

Framkvæmdastjóri:

Stefán Halldórsson.

Áritun endurskoðenda.

Til stjórnar Verðbréfaþings Íslands.

Við höfum endurskoðað ársreikning Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1997. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 8. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum þingsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem

fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-skilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Verðbréfaþingsins á árinu 1997, efnahag þess 31. desember 1997 og breytingu á handbæru fé á árinu 1997, í samræmi við lög, samþykktir þingsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. febrúar 1998.

KPMG Endurskoðun hf.
Tryggvi Jónsson.

Nr. 228

4. apríl 1998

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

1. gr.

Viðauki III við reglurnar breytist á eftirfarandi hátt:

1.1. Eftirfarandi líffræðilegu skaðvöldum er bætt við og flokkaðir sem hér segir:

- undir yfirskriftinni „Bakteríur og skyldar örverur“ bætist við:
 - Bartonella (Rochalimea) spp. sem flokkast í flokk 2,
 - Escherichia coli, stofn sem myndar frumuskemmandi eitur („verocitotoxigenic“) (t.d. 0157:H7 eða 0103), sem flokkast í flokk 3 (**) með athugasemdinni T,
 - Mycoplasma hominis, sem flokkast í flokk 2,
 - Mycoplasma caviae, sem flokkast í flokk 2,
 - Shigella dysenteriae, önnur en tegund 1, sem flokkast í flokk 2,
- undir yfirskriftinni „Veirur“ bætist við:
 - undir Arenaviridae:
 - Guanarito, sem flokkast í flokk 4,
 - Sabia, sem flokkast í flokk 4,
 - Flexal, sem flokkast í flokk 3
 - aðrar úr hópi LCM-Lassa skyldum veirum, sem flokkast í flokk 2,
 - undir Bunyaviridae:
 - Germiston, sem flokkast í flokk 2,
 - Sin Nombre (áður þekkt sem Muerto Canyon), sem flokkast í flokk 3,
 - Belgrade (einnig þekkt sem Dobrava), sem flokkast í flokk 3,
 - Bhanja, sem flokkast í flokk 2,
 - undir Flaviviridae:
 - Hepatitis G, sem flokkast í flokk 3 (**) með athugasemdinni D,
 - undir Herpesviridae:
 - herpes í mönnum veira 7, sem flokkast í flokk 2,
 - herpes í mönnum veira 8, sem flokkast í flokk 2, með athugasemdinni D,
 - undir óflokkuðum veirum:
 - Equine morbillivirus, sem flokkast í flokk 4,
- undir yfirskriftinni „Sveppir“ bætist við:
 - Candida tropicalis, sem flokkast í flokk 2,
 - Cladophialophora bantiana (áður þekkt sem: Xylopha bantiana, Cladosporium bantianum eða trichoides), sem flokkast í flokk 3,